

Hluthafi Dýralífs

Fundarboð hluthafafundar.

Boðað er til hluthafafundar hluthafa í Dýralífi ehf., kt. 560503-2290, sem haldinn verður að Fagradalsbraut 11, Egilsstöðum, (Skrifstofa Sóknar lögmansstofu), kl. **14:00, fimmtudaginn 15. desember 2022.**

Dagskrá fundarins verður:

1. Tillaga um félagsslit, samanber 85. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, þar sem lagður verður fram efnahags- og rekstrarreikningur félagsins ásamt álitum loggiltis endurskoðanda um hvort eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.
2. Kosning skilanevndar.

Upplýsingar til skýringar:

Á aðalfundi Dýralífs, dags. 17. nóvember 2022, var samþykkt tillaga um slit félagsins. Þá voru Jón Jónsson og Unnur Inga Dagsdóttir kjörin í skilanevnd. Á fundinum lágu ekki fyrir gögn sem gert er ráð fyrir að liggja fyrir við kjör skilanevndar, samanber ákvæði 85. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Til þess að taka af öll tvímæli um að staðið verði að slitaferli félagsins með réttum hætti er því boðað til sérstaks hluthafafundar um málefnið í samræmi við ákvæði laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Mikilvægt er að þessir þættir liggja fyrir með skýrum hætti svo unnt sé að leggja fram fundargerð til Fyrirtækjaskrár, sem löggildir þá skilanevndarmenn sem kosnir eru. Í ljósi kjörsins á aðalfundinum þann 17. nóvember hafa Jón Jónsson og Unnur Inga Dagsdóttir í öllu falli stöðu stjórnarmanna í félaginu og standa því að boðun þessa fundar.

Það athugast að hluthafar geta sótt fundinn rafrænt, sbr. heimild í 55. gr. a í einkahlutafélagalögum. Þeir hluthafar geta þá sótt fundinn með Teams. Láta þarf vita tímanlega svo hægt sé að senda hluthöfum fundarboð. Sendi tölvupóst á jon@sokn.is vegna þess.

Óski hluthafar eftir nánari upplýsingum um tillöguna eða framkvæmd slita á einkahlutafélagi, má hafa samband við stjórnarmenn.

Þann 6. desember 2022,

Jón Jónsson, f.h. stjórnarmann Dýralífs ehf. sem kosnir voru á aðalfundi 17. nóvember 2022, Jón Jónsson og Unnur Inga Dagsdóttir.

